

Sjúkraþjálfarar

Til að veita sjúkraþjálfun fyrir einstaklinga sem eru sjúkratryggðir skv. lögum nr. 112/2008 óska Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eftir sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfurum eða sjúkraþjálfunarstofum til að gerast aðilar að rammasamningi frá 1. október 2009.

Þjónustan hefur hingað til verið veitt samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands við Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

Þeir sem áhuga hafa á að veita ofangreinda þjónustu geta nálgast rammasamninginn og umsóknareyðublað á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands www.sjukra.is eftir 22. september.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug Björnsdóttir, framkvæmdastjóri samninganefndar, í síma 560-4539 eða í tölvupósti godlaug.bjornsdottir@sjukra.is.

Auglýsing þessi byggir á 40. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.



Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd sjúkratrygginga ásamt því að semja um og greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Markmið stofnunarinnar eru að gæta réttinda sjúkratryggðra, tryggja aðstoð til verndar heilbrigði óháð efnahag og að stuðla að hagkvæmni og hámarksgæðum í heilbrigðisþjónustu.